

LIST 3CB05

Listasaga – barokk til nýklassíkur

Áfanginn er framhaldsáfangi í sögu á þriðja þrepi og getur nýst á kjarna allra brauta.

Undanfarar:

SAGA 2AA05 og annar söguáfangi á öðru þrepi (t.d. listfræði)

Stutt lýsing á efni áfangans:

Áfanginn er einn af **fimm** mögulegum áföngum í listasögu – en eins og allir listasöguáfangar stendur hann **sjálfstæður**.

Í þessum áfanga verður fjallað um list í S-og N-Evrópu í lok endurreisnar. Síðan verður **mannerismi** skoðaður, listastíll sem var ríkjandi frá lokum endurreisnar að barokktíma. Megináhersla er á barokk list sem blómstraði á tímaskeiðinu c.a 1590-1720 og á við um málverk, höggmyndir, arkitektúr og garðalist. Lítillega verður fjallað um **rókókkó** sem tekur við af barokkinu, sem stundum er kallaður "Síðbarokkstíll" og er 18. aldar stíll. Þar á eftir verður skoðuð hin svokallaða **Gullna öld Hollands** í listum, sem fylgdi mörgum hefðum barokksins. Kynntir verða stórstirni í sögu listarinnar á þessu tímabili.

Nokkur lykilhugtök áfangans:

Málverk, teikningar, höggmyndir, arkitektúr, Albrecht Durer, Brueghel hinn eldri, Bosch, Tintoretto, Caravaggio, Holbein, Bernini, Ruben, Rembrandt, Vermeer, Fragonard, Hogarth og Gainsborough.

Námsmat:

Tímaverkefni, netverkefni, netpróf, frjálst hópverkefni, umræður, heimildabættir og lokapróf.
